

L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Hluti rikissjóðs af stofnkostnaði greiðist eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, enda sé tryggt framlag á móti.

2. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist:

Heimilt er að ákveða í reglugerð, að námskeið skuli njóta styrks úr ríkis- og bæjarsjóði, ef kennsla hvers nemanda er ekki minni en 6 stundir á viku, enda standi námskeiðið þá eigi skemur en 3 mánuði. Styrkur til námskeiða, sem standa skemur en 12 vikur, lækkar hlutfallslega við námstímamann.

3. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Þar til gagnfræðaskólahús hafa verið reist samkv. 3. gr. skal viðkomandi kaupstöðum skylt að sjá skólunum fyrir húsnæði, sem kennslumálastjórnin tekur gilt, en rikissjóður greiði $\frac{2}{3}$ húsaleigunnar. Kennslumálaráðuneytið úrskurðar um stærð húsnæðis og hámarksleigu, sem rikissjóður tekur þátt í að greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.